

TILLAGA

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að mæta nemendum sem hafa misst úr námi vegna skerts skólahalds í kórónuveirufaraldrinum sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 26. maí 2020

Lagt er til að skóla- og frístundasvið móti tillögur fyrir næsta skólaár um hvernig hægt verði að mæta nemendum sem misst hafa úr námi vegna skerts skólahalds í Kórónuveirufaraldrinum. Skert skólahald hefur áhrif á námsframvindu margra nemenda og bregðast verður við því með markvissum aðgerðum s.s. að skoðað verði að fjölga kennslustundum í undirstöðunámsgreinum s.s. í lestri og stærðfræði.